



Ytra mat grunnskóla Síðuskóli

Ytra mat þetta er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Akureyri

Höfundar: BHanna Hjartardóttir og Oddný Eyjólfsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-50-3

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	6
Markmið og tilgangur	6
Aðferðir og framkvæmd	6
Síðuskóli	7
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	7
Stefna skólans	7
Starfsmenn	7
Nemendur	8
Árangur náms	8
Samræmd könnunarpróf	8
Starfstími	10
Sérfræðiþjónusta	10
Niðurstöður	11
Svið I - Stjórnun	11
Fagleg forysta	11
Faglegt samstarf	12
Stefnumótun og skipulag	14
Samskipti heimila og skóla	16
Svið II - Nám og kennsla	17
Nám og námsaðstæður	18
Þátttaka og ábyrgð nemenda	21
Námsaðlögun	22
Svið III – Innra mat	23
Framkvæmd innra mats	24
Umbótastarf í kjölfar innra mats	25
Svið IV – Skólabragur	27
Ábyrgð skólasamfélagsins	27
Starfsandi og skólareglur	28
Áætlanir og kannanir	28
Nemendalýðræði	29
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	30
Heimildir	39

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Síðuskóla á Akureyri sem fór fram á haustönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir, en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn skólabragur.

Stjórnun

Allir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans og einkunnarorð. Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu og lögð er áhersla á að þeir sinni kennslu í samræmi við menntun og sérhæfingu. Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og skólabrag eru virkar sem og viðbrögð og verklagsreglur varðandi einelti. Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu.

Starfsáætlun skólans þarf að birta strax í upphafi hvers skólaárs á heimasíðu sem þarf að innihalda réttar og hagnýtar upplýsingar um allt sem við kemur starfi skólans. Vinna þarf og birta skólanámskrá samkvæmt ákvæðum 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.

Nám og kennsla

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar þar sem leitast er við að koma til móts við hæfileika og getu hvers og eins. Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu. Fagmennska og sérfræðisþekking endurspeglast í störfum kennara og skipulagi. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og hæfa verkefnum hverju sinni. Nemendur eru áhugasamir um nám sitt og meðvitaðir um eigin styrkleika. Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og starfsmenn með fjölbætta menntun sinna sérdeild skólans fyrir einhverf börn.

Skólanámskrá þarf að innihalda árganganámskrár/námsvísa þar sem koma fram kennsluaðferðir, námsefni, námsmat, hvernig grunnþættir menntunar koma fram í tengslum við stefnu skólans, o.s.frv. Huga þarf að því að leggja enn ríkari áherslu á að nám nemenda á öllum aldri taki mið af áhugasviðum þeirra og efla þarf nemendur í að setja sér markmið.

Innra mat

Í skólanámskrá er fjallað um hvernig skólinn sinnir innra mati. Fram kemur að notaðar eru fjölbreyttar aðferðir, leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila og niðurstöður eru kynntar kennurum, starfsmönnum og skólaráði.

Birta þarf greinargerð um innra mat og niðurstöður kannana og kynna öllum hagsmunaaðilum. Leggja þarf umbótaáætlun fram opinberlega og fylgja umbótum kerfisbundið eftir.

Skólabragur

Skólabragurinn einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Skólareglur eru öllum ljósar og bekkjarreglur unnar fyrir hvern hóp. Eineltisáætlun liggur fyrir og sama gildir um jafnréttisáætlun. Nemendur hafa tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á margan hátt. Nemendaráð er virkt og hefur sett sér verklagsreglur. Einkunnarorð skólans: *ábyrgð, virðing, vinátta* eru mjög skýr í vitund fólks og eru leiðarljós fyrir starfið í skólanum.

Gera þarf heildstæða forvarnaráætlun sem nær til allra þátta forvarna og skrá þau verkefni sem unnin eru í forvarnarskygni og birta á heimasíðu. Huga að endurskoðun skólareglna m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011 í samvinnu við foreldra og nemendur.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Síðuskóla á Akureyri. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Oddnýju Eyjólfsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 16.-19. september 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Síðuskóla voru metnir fjórir þættir; *stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur*. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er skólabragur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar, auk *Sam-eiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4., þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem menntamálaráðuneytið lét gera árin 2002 og 2009 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

Fundur var haldinn 16. september 2014 fyrir allt starfsfólk skólans og fræðslustjóra. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunar-

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niður stöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

ferð um skólann. Sama dag hófust rýnihópaviðtöl og síðan í beinu framhaldi tóku við vettvangsat-huganir hjá u.þ.b. 70% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, tveimur hópum nemenda, annars vegar nemendum í 2.-6. bekk og hins vegar 7.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki, nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra og staðgengil hans. Vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var sérstökum spurningum beint til allra rýnihópanna.

Skólaheimsóknin stóð yfir í 5 daga, með kynningarfundum og skoðunarferð, þ.e. 16.-19. september 2014. Heimsóttar voru 26 kennslustundir hjá 28 kennurum í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, dönsku, íþróttum og lífsleikni, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið á að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 85% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, þ.e. viðtöl og vettvangsat-huganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Síðuskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Á þessu hausti er Síðuskóli 30 ára gamall en skólastarf hófst þar í september árið 1984. Þá voru aðeins 169 nemendur í skólanum en smám saman fjölgaði og flestir voru þeir á skólaárinu 1996-1997, eða um 660. Þá voru þrengsli mikil og m.a. var kennt í þremur stofum í Glerárkirkju, færanlegum stofum á skólalóð og í einni stofu í Giljaskóla. Í dag eru 395 nemendur í skólanum og allt skólastarf fer fram á einum stað, nema hvað nemendur sækja sundkennslu í sundlaug Glerárskóla. Í skólanum er sérdeild fyrir einhverf börn og þjónar hún nemendum úr öllum skólahverfum bæjarins.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru: *ábyrgð, virðing, vinátta*. Þessi einkunnarorð eru leiðarljós fyrir starfið í skólanum. Þau voru sett fram þegar verið var að undirbúa að SMT – skólafærni (útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS) yrði grundvöllur sem unnið yrði eftir í agamálum. Skóla-reglur byggja á þessum grunni og taka mið af einkunnarorðum skólans, auk reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfá félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Stefna skólans er í góðu samræmi við skólastefnu Akureyrarbæjar, þar sem þekking, leikni, virðing og vellíðan eru hornsteinar stefnunnar og stefnu Skóladeildar Akureyrarbæjar sem byggir á sömu gildum og er nánari útfærsla á stefnu bæjarins. Þar eru einkunnarorðin: *Í hverju barni býr fjársjóður*.

Starfsmenn

Starfsmenn Síðuskóla eru samtals 72. Stjórnendur eru þrír. Við skólann starfa 39 kennarar í 37,6 stöðugildum, allir menntaðir sem slíkir. Sérkennarar eru þar af 5. Aðrir sérfræðingar eru þroskaþjálfari, iðjuþjálfari og námsráðgjafi í tæplega þremur stöðugildum. Annað starfsfólk er því 27. Hjúkrunarfræðingur starfar við skólann í 60% starfi en hann er starfsmaður Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

Sex starfa í sérdeild skólans þar sem eru nemendur úr öllum skólahverfum Akureyrarbæjar. Forstöðumaður sérdeildar sinnir ráðgjöf í öðrum grunnskólum á Akureyri. Þroskaþjálfari og iðjuþjálfari starfa í sérdeildinni og koma að þjálfun. Sérhæfing og þekking starfsmanna sérdeildar nýtast í öllu skólastarfi og þeir sinna ráðgjöf inn í þá bekk sem þörf er á.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 10 eða 13,9% af starfsmönnum skólans. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnun og lítið um breytingar. Margir hafa starfað mjög lengi við skólann og var meðalaldurinn s.l. vor 50 ár.

Nemendur

Í skólanum eru 395 nemendur á haustönn 2014. Meðalstærð árganga er um 37 nemendur. Lögð er áhersla á skiptingu í umsjónarhópa fremur en bekk.

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	35	37	29	47	36	35	42	45	52	37
Bekkjardeildir	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Umsjón.h.										

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er um 19,25% (77 nemendur af 395). Fjórtán nemendur eru með annað móðurmál en íslensku.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf


Einn einkunnakvarði sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og vjafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2007-2014

4. bekkur

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennnd síðustu átta árin. Árangur í íslensku hefur nær alltaf verið er betri en í stærðfræði og er frammistaða nemenda í ár rétt undir landsmeðaltali í íslensku en þó nokkuð undir landsmeðaltali í stærðfræði.

Fjöldi nemenda í 4. bekk hefur verið nokkuð jafn sl. átta ár. Árið 2007 voru 48 nemendur í 4. bekk og nú í ár eru nemendur í 51. Misjafnt er milli ára hvað margir nemendur taka ekki prófin, allt frá því að allir taki bæði prófin til þess að 18% nemenda taki ekki próf. Nú í ár tóku 96% nemenda bæði íslensku og stærðfræðiprófið.



Mynd 1 Meðaltalsárangur nemenda í 4. bekk sl. átta ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

7. bekkur

Frammistaða nemenda í sjöunda bekk síðustu átta árin sveiflast talsvert milli ára. Síðastliðin þrjú ár hafa miklar sveiflur verið í meðalárangri nemenda en svipaður í íslensku og stærðfræði. Í ár er árangur á íslensku í landsmeðaltali en undir í stærðfræði.

Árið 2007 voru 38 nemendur í 7. bekk, voru flestir 55 árið 2010 en fjöldi nemenda í 7. bekk er nú 39.

Misjafnt er milli ára hvað margir nemendur taka ekki prófin, frá því að allir taki prófin í að um 20% taki þau ekki. Í ár tóku 90% nemenda í 7. bekk prófin.

Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftöku í 4. og 7. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 4. og 7. bekkjar prófin eru hér settar fram og metnar eftir því hvort þær eru minni, svipaðar eða meiri en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfarir nemenda 7. bekkjar skólans milli prófa í íslensku eru mjög svipaðar og almennt er á landsvísu. Í stærðfræði er hlutfall þeirra sem taka minni framförum lægra en almennt gerist á landinu og sama á við um þá sem taka meiri framförum, lægra hlutfall nemenda Síðuskóla taka meiri framförum, en gerist á landsvísu.

10. bekkur


Frammistaða nemenda í tíunda bekk síðustu átta árin er sveiflukennnd. Frá 2011 þegar árangur var lægstur, hefur frammistaðan verið að eflast ár frá ári. Í ár eru frammistaða nemenda í 10. bekk Síðuskóla um landsmeðaltal og yfir og árangur á íslensku og stærðfræði er góður.

Árið 2007 voru 47 nemendur í 10. bekk, voru fæstir 17 á þessu árabili árið 2010 en fjöldi nemenda í 10. bekk er nú 43.


Misjafnt er milli ára hvað margir nemendur taka ekki prófin, frá því að allir taki prófin sem var árið 2011 í að um 17% taki þau ekki. Í ár tóku 92% nemenda í 10. bekk prófin.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftöku í 7. og 10. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 7. og 10. bekkjar prófin eru hér settar fram og metnar eftir því hvort þær eru minni, svipaðar eða meiri en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.



Mynd 2. Meðaltalsárangur nemenda í 7. bekk sl. átta ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.



Mynd 3 Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk sl. átta ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Framfarir nemenda 10. bekkjar skólans milli prófa í íslensku eru mjög svipaðar og almennt er á landsvísu utan að ívið hærra hlutfall nemenda taka meiri framförum. Í stærðfræði er hlutfall þeirra sem taka minni framförum lægra en almennt gerist á landinu og einnig er hærra hlutfall nemenda Síðuskóla sem taka meiri framförum, en gerist á landsvísu í stærðfræði.

Starfstími

Árlegur starfstími skólans er 180 skóladagar nemenda, þar af 170 dagar sem kennsludagar, hinir tíu eru skólasetning, skólaslit, prófadagar, Litlu-jól og svo framvegis. Auk þess eru fimm skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og átta skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Einn dagur er skráður sem „tvöfaldur dagur“ en þá er haldið upp á afmæli skólans allan daginn og um kvöldið. Þessi ákvörðun var tekin í samráði við skólanefnd og skólaráð.

Samtals voru rúmlega 1700 stundir skráðar til forfalla og þar af voru um 1400 stundir mannaðar kennurum, aðrar voru felldar niður.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skóladeild Akureyrarbæjar og til Fjölskyldudeildar bæjarins og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Í skólanámskrá Síðuskóla er gerð grein fyrir sýn, stefnu og starfsháttum. Sýn skólans birtist í einkunnarorðum hans sem eru ábyrgð, virðing, vinátta. Í stefnu skólans kemur fram að allir eigi að fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni og hæfni eftir fjölbreyttum leiðum. Skólastarfi þurfi að haga í fyllsta samræmi við getu og þarfir hvers og eins, með gleði og vellíðan að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að skapa uppbyggjandi og öruggar aðstæður fyrir nemendur og starfsfólk. Starfshættir í Síðuskóla taka mið af nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 sem og skólastefnu Akureyrarbæjar frá 2006. Í takt við áherslur lærdómssamfélagsins er stöðug áhersla á að allir nemendur læri, lögð er áhersla á samstarfsmenningu og eindrægni um stuðning við nám bæði nemenda og fullorðinna. Skólastarfið byggir á einstaklingsmiðuðum starfsháttum þar sem lögð er áhersla á að sérhver nemandi fái hvatningu til náms í samræmi við þroska, áhuga, hæfileika og köpunargleði. Kennarar vinna saman í teymum sem stuðlar að aukinni samstarfsmenningu innan skólans.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein: *Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla* (kafli 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Í skólanámskrá og í nýbirtri starfsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015 er gerð grein fyrir sýn skólans, stefnu og starfsháttum. Í einkunnarorðum skólans sem eru vel þekkt meðal hagsmunaaðila er lögð áhersla á ábyrgð einstaklinganna á verkum sínum, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og vináttu í samskiptum.

Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Hann virkjar aðila til samstarfs um að hringa stefnunni í framkvæmd. Hann leggur áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur, brýnir fyrir kennurum og öðru starfsfólki og nemendum að ná góðum árangri og kynnir árangur nemenda skólans utan hans og innan. Í rýnihópi foreldra kom fram að skólastjóri kynnir sérstöðu skólans svo sem að Síðuskóli er Grænfánaskóli og unnið sé samkvæmt SMT skólafærni. Við skólasetningu er m.a. farið yfir stefnu skólans og einkunnarorð.

Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu en ekki er farið reglulega og með markvissum hætti í kennslustundir eða kennurum veitt formleg endurgjöf.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt fram sett.
- Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu.
- Starfsmenn, nemendur og foreldrar þekkja stefnu skólans og einkunnarorð.
- Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi.

Tækifæri til umbóta

- Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra og markvissra heim-sókna í kennslustundir.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu. Fyrir liggur skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar.

Við ráðningar er þess gætt að starfsmenn uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu og reynslu sem krafist er í starfinu. Við ráðningu liggur fyrir sakavottorð viðkomandi. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu, að undanskildum vertökum sem koma og sinna verkefnum í skólanum.

Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.

Í rýnihópum kom fram að stjórnendur mættu hrósa starfsmönnum meira en gert er. Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega.

Fyrir liggur gátlisti fyrir nýja starfsmenn, „Leiðarljós“, um mikilvæg atriði varðandi starf í Síðuskóla en hann er ekki aðgengilegur á heimasíðu skólans. Jafnréttisáætlun skólans liggur fyrir en er hvorki á heimasíðu skólans né á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Á heimasíðu Akureyrarbæjar er aðgengileg starfsmannahandbók þar sem meðal annars er að finna upplýsingar um móttökuáætlanir fyrir nýja starfsmenn bæjarins, verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum og mannauðsstefnu fyrir alla starfsmenn bæjarins en ekki er vísað í hana á heimasíðu skólans.

Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga um nemendur.

Skrá þarf vinnureglur um miðlun upplýsinga um nemendur sem flytjast milli grunnskóla samkvæmt 8. gr. annarrar málsgreinar í reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

Styrkleikar

- Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli.
- Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir
- Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.

Tækifæri til umbóta

- Hafa tengil/krækju á heimasíðu að upplýsingum vegna starfsmannamála.
- Skrá reglur um upplýsingagjöf um nemendur í samræmi við reglugerð nr. 897/2009.

Faglegt samstarf

Í drögum að óbirtri skólanámskrá kemur fram að í takt við áherslur lærdómssamfélagsins sé stöðug áhersla á að allir nemendur læri, lögð sé áhersla á samstarfsmenningu og eindrægni og stuðning við nám bæði nemenda og fullorðinna.

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans og miðar að því að styrkja nám nemenda.

Reglulega er boðað til starfsmannafunda og kennarafunda. Fyrir liggur óbirt fundaáætlun fyrir haustönn, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru ritaðar. Fram kom í rýnihópi að fundargerðir eru aðgengilegar á innra neti skólans. Stjórnendur senda vikulega út föstudagspóst til starfsmanna þar sem lögð er áhersla á sýn lærdómssamfélagsins um leið og farið er yfir liðna viku í skólastarfinu, s.s. fundargerð síðasta fundar starfsmanna og/eða kennara og birt dagskrá næsta fundar. Einnig er vakin athygli á því sem framundan er.

Síðuskóli hefur samstarf við leikskólana í Síðuhverfi. Þetta eru leikskólarnir Krógaból, Sunnuból og Hulduheimar. Á heimasíðu skólans er þessu samstarfi lýst. Annars vegar er í bæklingi gerð grein fyrir markmiðum samstarfsins og leiðum sem farnar eru á skólaárinu 2014-2015. Hins vegar er yfirlit yfir

samskiptin þar sem gerð er grein fyrir gagnkvæmum heimsóknum, viðfangsefnum og þátttakendum. Í skólanámskrá er greint frá samstarfinu við leikskólana. Þar er einnig listi yfir samstarfsaðila í grenndarsamfélaginu. Í starfsáætlun 2014-2015 er gátlisti yfir helstu verkefni hvers árgangs skólans á skólaárinu. Þar kemur fram hvernig samvinna við eldri borgara er háttað í 1.-4.bekk. Ekki liggja fyrir skriflegar upplýsingar um samskipti skólans við framhaldsskóla bæjarins.

Styrkleikar

- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.
- Reglulega er boðað til funda með dagskrá.
- Gerð er grein fyrir samskiptum við leikskóla í Síðuhverfi.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir skipulagi og ferli varðandi samskipti við framhaldsskóla, tónlistarskóla og grenndarsamfélagið.

Skólaþróun

Í óbirtum drögum að skólanámskrá er fjallað um lögbundið hlutverk mats á skólastarfi, hvernig skólinn hyggst standa að innra mati, hver eigi að vera afrakstur af gæðamati skólans og stuttlega er gerð grein fyrir þrískiptri áætlun skólans um innra mat.

Fyrir liggur starfsþróunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2014-2015. Þar kemur fram að skólastjóri sé ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlunar. Einnig er gerð grein fyrir ábyrgð starfsfólks á eigin starfsþróun, hvernig sótt sé um námskeið og að reynt verði að gæta jafnræðis meðal starfsmanna varðandi tækifæri til starfsþróunar. Í starfsþróunaráætluninni er myndræn lýsing á ferli um gerð og viðhald starfsþróunaráætlunar og þar kemur fram að starfsþróunarnefnd sjái um endurskoðun og eftirfylgni allt skólaárið. Ekki kemur fram hvernig starfsþróunarnefnd er skipuð.

Með gerð starfsþróunaráætlunar þar sem boðið er upp á fræðslu innan skólans hafa stjórnendur frumkvæði að því að hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist í skólastarfinu. Í starfsþróunaráætluninni kemur fram að starfsfólki er frjálst að sækja sér frekari fræðslu hjá aðilum utan skólans. Í rýnihóp kom fram að afnuminn hafi verið möguleiki á því að vera í framhaldsnámi með starfi því ekki sé hægt að fá frí frá kennslu til að sækja staðlotur.

Þróunar- og umbótaáætlun skólans liggur ekki fyrir og því liggja ekki fyrir tengsl við starfsþróunaráætlun en greina má samsvörun við lista yfir helstu áherslur og umbætur á síðasta skólaári.

Styrkleikar

- Í starfsþróunaráætlun má greina áherslur skólans.
- Gerð er grein fyrir hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.
- Símenntun miðar að því að efla kennara í starfi.
- Ákveðinn aðili ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Vinna heildstæða þróunar- og umbótaáætlun og tengja hana starfsþróunaráætlun með formlegum hætti.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Almennur hluti skólanámskrár sem er á heimasíðu uppfyllir ekki viðmið í 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla. Óbirt skólanámskrá sem er í vinnslu uppfyllir að mestu viðmið um inntak og efnisskipan samkvæmt 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnu skólans, birt gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi og námi. Ekki er gerð grein fyrir áætlunum um umbætur og þróunarstarf. Í umfjöllun um grunnþættina sex er einungis vitnað í aðalnámskrá grunnskóla.

Námsvísar/árganganámskrár þar sem gerð er grein fyrir kennslufræðilegri stefnu skólans ásamt stefnu um kennsluhætti og útfærslu á markmiðum aðalnámskrár á einstökum námssviðum/ námsgreinum og sérstöðu skólans liggja ekki fyrir. Námsvísar/árganganámskrár ættu að sýna samfellu í hverri námsgrein milli árganga frá 1.-10. bekkjar og stigvaxandi kröfur miðað við aldur nemenda.

Ekki kemur fram hvernig skólinn hyggst uppfylla ákvæði um grunnþættina sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eða hvernig þeir eigi að birtast í almennu skólastarfi og á einstökum námssviðum/námsgreinum. Unnið er markvisst að innleiðingu grunnþáttanna í samstarfi við aðra grunnskóla á Akureyri og undir handleiðslu Háskólans á Akureyri. Gerð er grein fyrir stefnu og markmiðum skólans í umhverfismennt.

Starfsfólk tekur þátt í vinnu með skólanámskrá, nemendur hafa komið með álit og skólanámskráin er kynnt í skólaráði.

Nýbirt starfsáætlun uppfyllir að mestu leyti viðmið í 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla. Upplýsingar um tilhögun kennslu/kennsluáætlanir eru eingöngu fyrir haustönn. Starfsáætlanir árganga með yfirliti yfir þætti í vetrarstarfinu liggja fyrir. Þessi gögn ættu að vera hluti af starfsáætlun.

Skóladagatal með skýringum liggur fyrir þar sem fram kemur að uppfyllt eru viðmið um árlegan starfstíma nemenda. Á skólaárinu er einn tvöfaldur dagur með samþykki skólaráðs og fræðslunefndar sem staðfestir skóladagatalið árlega. Í rýnihópi kom fram að starfsfólk skólans kemur að vinnu við skóladagatal og fær kynningu á starfsáætlun en kemur að öðru leyti ekki að gerð hennar.

Styrkleikar

- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda og er samþykkt af skólaráði og staðfest árlega af fræðslunefnd.
- Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti skólanámskrá samkvæmt ákvæðum 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.
- Birta ætti starfsáætlun strax í upphafi skólaárs á heimasíðu.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Nemendur eiga þess kost að stunda listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Þátttaka í atvinnulífi, félagslífi og íþróttastarfi og skipulegt nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla er metið til valgreina, óski foreldrar eftir því.

Stundatöflur nemenda bera vott um sveigjanleika í skólastarfinu. Skóladagurinn skiptist í vinnulotur með fjölbreyttum verkefnum og ætlast er til samvinnu nemenda og kennara að verkefnum.

Styrkleikar

- Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Umsjónarhópar eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra og nám nemenda utan skóla er metið til valgreina, óski foreldrar eftir því.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Síðuskóli hóf innleiðingu á SMT skólafærni haustið 2006. Markmið SMT er að skapa gott andrúmsloft í skólum og að tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Í SMT er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að þjálfa félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Síðuskóli lauk innleiðingu SMT í mars 2013.

Einkunnarorð skólans, *ábyrgð, virðing, vinátta*, eru aðgerðarbundin í reglutöflu SMT þar sem lýst er æskilegri/viðeigandi hegðun á mismunandi svæðum í húsnæði og umhverfi skólans. Þessi reglutafla er um leið skólareglur skólans. Skólareglur eru jákvæðar. Viðbrögð við góðri hegðun eru lýsandi og hlutbundin. Skilgreint er hvað telst agabrot og fyrir liggur hvaða viðbrögðum skuli beitt miðað við alvarleika brots. Einnig liggja fyrir lýsingar á vinnuferli vegna agabrota sem taka mið af alvarleika brots. Forvarnarþríhyrningur er verkfæri kennara til að meta hegðun nemenda og út frá honum er samsetning nemendahópsins skoðuð með það fyrir augum að greina hvernig stuðningur við ólíka nemendur nýtist. Meðal verkfæra má nefna góða bekkjarstjórnun, skráningu í Mentor, hvatningu, skýr fyrirmæli, minniháttar umbunakerfi, aukna samvinnu við foreldra, atferlisgreiningu og lausnateymi. Ástundun nemenda er metin til einkunnar samkvæmt ákveðnu kerfi og skipulagi. Nemendur eiga möguleika á að breyta ástundunareinkunn til betri vegar samkvæmt ákveðnu ferli.

Í rýnihópi foreldra kom fram að allar reglur séu mjög skýrar og mikið hafi áunnist með innleiðingu SMT. Einnig var ánægja með hversu vel SMT er kynnt fyrir foreldrum og nýjum nemendum. Foreldrafélagið styrkir umbunarsjóð SMT.

Nemendur koma ekki að því að móta skólareglur en aftur á móti eru þeir virkir í að setja bekkjarreglur í byrjun skólaárs.

Í starfsáætlun er gerð grein fyrir viðbrögðum vegna slysa og óhappa á skólatíma. Fyrir liggja áætlanir varðandi rýmingu og áföll. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þau. Forvarnaráætlun þar sem gerð er grein fyrir áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum og áætlun í öryggismálum liggja ekki fyrir.

Fyrir liggur námskrá sérdeildar Síðuskóla fyrir einhverf börn fyrir skólaárið 2014-2015 en hún er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Ekki liggur fyrir áætlun um stuðning í námi og þjónustu við aðra nemendur skólans með sérþarfir í námi. Fyrir liggur yfirlit um skimanir og greinandi próf sem lögð eru fyrir nemendur. Ekki er gerð grein fyrir því hver eru viðmið um stuðning/aðstoð í námi.

Í starfsáætlun kemur fram að í skólanum starfar nemendaverndarráð. Hlutverk þess er að fjalla um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leita úrræða á vandamálum sem upp koma Fram kemur hverjir eru í nemendaverndarráði.

Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur. Hvorki liggur fyrir formleg móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku né móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag og leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag hafa verið mótaðar og farið er eftir þeim.
- Skólareglur liggja fyrir.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Námskrá sérdeildar fyrir einhverfa nemendur liggur fyrir.
- Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf forvarnaráætlun í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum.
- Vinna þarf áætlun um sérkennslu/stuðning vegna nemenda með sérþarfir í námi.
- Vinna þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir og móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Fulltrúar kennara, nemenda og foreldra í ráðinu telja sig vera lýðræðislega valda úr sínum hópi. Formaður foreldrafélags situr í skólaráði og í gegnum hann komast upplýsingar til stjórnar foreldrafélags. Fram kom í rýnihópi að nemendur vissu ekki hverjir væru fulltrúar þeirra í skólaráði. Í Fréttabréfi Síðuskóla frá 1. október sl. er greint frá hverjir séu fulltrúar í skólaráði skólaárið 2014-2015.

Skólaráð heldur fundi mánaðarlega samkvæmt fundaáætlun sem lögð er upp fyrir árið. Fundir eru boðaðir með dagskrá og ráðsmenn geta komið með tillögu að dagskrá. Fundargerðir eru ritaðar og voru vistaðar á innra neti en á þessu starfsári birtar á heimasíðu. Hvorki liggur fyrir starfsáætlun né vinnureglur fyrir skólaráð en fram kom í rýnihópi að fulltrúar í skólaráði vita hvenær á skólaárinu viss mál kom til umfjöllunar, svo sem skóladagatal, fjárhagsáætlun og niðurstöður kannana.

Í starfsáætlun kemur fram að við skólann er starfandi foreldra- og kennarafélag. Þar er einnig greint frá markmiðum félagsins og kjarninn í þeim er að allir eigi rétt á öryggi, ástúð og kennslu. Einn af kennurum skólans er tengiliður milli skólans og foreldrafélagsins. Stjórnendur vinna með foreldrafélagi sem er mikilvægur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið, t.d. með því að styrkja umbunastjóð SMT og skipuleggja viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara/starfsfólks skólans.

Á heimasíðu Síðuskóla er flípi inn á foreldrafélagið þar sem lög félagsins eru birt. Í 5. grein laga foreldrafélagsins er kveðið á um kosningu þriggja bekkjarfulltrúa í bekkjarráð og hlutverk bekkjarfulltrúa en ekki liggur fyrir skipulag fyrir reglulega starfsemi/starfsáætlun á skólaárinu. Upplýsingar um stjórn og listi yfir bekkjarfulltrúa, sem eru þrír fyrir hverja bekkjardeild, er frá 2012-2013.

Í Fréttabréfi Síðuskóla sem birt var á heimasíðu 1. október sl. eru upplýsingar um hverjir eru í stjórn foreldrafélagsins fyrir skólaárið 2014-2015 og hverjir eru fulltrúar foreldrafélags í SMT stýrihópi og umhverfisnefnd skólans.

Styrkleikar

- Skólaráð fundar reglulega og helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru kynntar fyrir skólaráði.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu.

- Stjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélags og aðstaða er fyrir foreldra að hittast í skólanum að höfðu samráði við stjórnendur.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja öllum lýðræðislega aðkomu að skólaráði.
- Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun
- Samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra, m.a. með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim.

Foreldrar fá skýr skilaboð frá skólanum um að þeir séu velkomnir í skólann. Í rýnihópi kom fram að við tiltekna viðburði er sérstaklega óskað eftir nærveru foreldra, s.s. við skólasetningu, námsefniskynningar, árshátíð, sýningar/kynningar nemenda á vinnu sinni og vorhátíð. Einnig eru foreldrar beðnir um að koma með starfskynningar í skólann.

Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Í rýnihópi kom fram að Mentor er mikið notaður, einnig kemur vikulega tölvupóstur í öllum árgöngum og ástundun er send hálfsmánaðarlega. Fréttabréf Síðuskóla er birt reglulega á heimasíðu skólans með hagnýtum upplýsingum um skólastarfið og hvað sé á döfinni.

Ekki er markvisst leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu, s.s. með opnum spjallfundum, en tillögum foreldra er vel tekið.

Í rýnihópi foreldra kom fram að heimasíða skólans er lítið notuð. Þátttakendur í hópnum sögðu að þar væri lítið af upplýsingum nema varðandi skóladagatal og matseðil. Fundargerðir skólaráðs og viðbrögð við ýmsum aðstæðum eru ekki á heimasíðunni, að því er fram kom í rýnihópnum. Foreldrar nota Mentor mikið því þar er allt sem snýr að eigin barni, t.d. dagbókarfærslur og athugasemdir en árganganámskrár/námsvísar eru lítið notuð.

Styrkleikar

- Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla.
- Stjórnendur og kennarar skapa foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna.

Tækifæri til umbóta

- Leita ætti markvisst eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu.
- Efla þarf heimasíðu skólans þannig að hún sé virk og innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.

Svið II - Nám og kennsla

Stefna Akureyrarbæjar í skólamállum er leiðarljós skólastarfs Síðuskóla. Skólastefnan var samþykkt árið 2005 og byggir á fjórum hornsteinum: *þekking – leikni – virðing – vellíðan*. „Áhersla er á að lögð sé að jöfnu rækt við bókvit, verkvit og siðvit sem felur í sér þroskun tilfinninga, dómgreind til að velja rétta breytni gagnvart öðrum, skilning á sambúðarháttum manna og hátternisreglum“, segir í stefnunni.

Þá segir einnig um hlutverk skóla Akureyrarbæjar sé að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám. Sérhver nemandi fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.

Í stefnunni eru síðan tilgreind meginmarkmið sem skipt er niður í kafla:

- Tilgangur og skipulag
- Nemendur
- Náms- og starfsumhverfi

Þá er fjallað um gæði skólstarfs og þar er að finna fjölmargar vísbendingar til að styðjast við til þess að ná markmiðum skólastefnunnar.

Einkunnarorð Síðuskóla, *ábyrgð, virðing, vinátta* samræmast því vel áherslum í skólastefnu Akureyrarbæjar. Í stefnu Síðuskóla eru einnig tilgreind helstu markmið skólstarfsins, m.a. að efla vísýni og þekkingu, að ná góðum námárangri, efla sjálfsmynd, félagsþroska og þrautseigju og efla skilning og ábyrgð á umhverfinu.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Síðuskóli er skóli án aðgreiningar og sérhver nemandi fær nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega og er nú í endurskoðun, m.a. til að koma til móts við aðalnámskrá sem tekur gildi 2015. Matsmenn fengu drög að skólanámskránni í hendur.

Ekki eru svokallaðir námsvísar/bekkjarnámskrár á heimasiðu þar sem fjallað er um námsefni, kennsluáðferðir, námsmat eða tengsl við grunnþætti menntunar í aðalnámskrá. Fjallað er um grunnþætti menntunar í óbirtri skólanámskrá sem er í endurskoðun.

Unnið er úr niðurstöðum námsmats eins og samræmdra prófa en það er þó hvorki formlegt né reglulegt.

Í rýnihópum kom alls staðar fram að nemendur væru almennt jákvæðir gagnvart námi sínu og þeim liði vel í skólanum. Í Skólapúlsi á árinu 2013-2014 kom þó fram að einelti í 6.-10. bekk var marktækt yfir landsmeðaltali frá janúar og fram til maí.

Frammistaða nemenda í samræmdum könnunarprófum síðustu átta árin hefur sveiflast talsvert milli ára (sjá kaflann Árangur náms – samræmd könnunarpróf). Árangur nemenda í 4. bekk í íslensku hefur nær alltaf verið betri en í stærðfræði sem hefur sjaldan náð landsmeðaltali. Síðastliðin þrjú ár hafa sveiflur í meðalárangri nemenda í 7. bekk verið svipaður í íslensku og stærðfræði. Í ár er árangur á íslensku í landsmeðaltali en undir í stærðfræði. Frá 2011 þegar árangur var lægstur, hefur frammistaða nemenda í 10. bekk verið að eflast ár frá ári. Í ár eru frammistaða nemenda í 10. bekk Síðuskóla um landsmeðaltal og yfir og árangur á íslensku og stærðfræði er góður.

Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda, þar sem áhersla er á þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega.
- Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Setja þarf upp skólanámskrá með öllum atriðum sem kveðið er á um í aðalnámskrá.
- Gera þarf námsvísa fyrir alla árganga þar sem koma fram kennsluáðferðir, námsefni, námsmat o.fl.
- Kynna ætti námsvísa fyrir nemendum og foreldrum á skilvirkan hátt.
- Skoða og bregðast við ástæðum þess að einelti hefur aukist í 6.-10. bekk

Skipulag náms og námsumhverfi

Síðuskóli er í samstarfi við þrjá leikskóla í hverfinu og er skráð og virkt ferli um það hvernig samskiptum þessara skóla er hagað. Nemendum í elstu bekkjum gefst tækifæri til að heimsækja framhaldsskóla á Akureyri og skólarnir koma líka með kynningar inn í Síðuskóla. Þá upplýsir námsráðgjafi elstu nemendur um framhaldsskóla og áfanga þeirra. Þessi samskipti eru þó hvergi skráð eða aðgengileg.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir námsmati skólans, námsmatsstefnu, matskvörðum, viðmiðum og hvernig vitnisburði er skilað til nemenda.

Nemendur á unglíngastigi hafa val um námsgreinar hluta námstímans eða um 20% tímans, eins og aðalnámskrá kveður á um. Að öðru leyti hafa nemendur ekki mikið val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar að því er séð varð í vettvangsathugunum. Í samræðum við foreldra kom þó fram að þeir telja að nemendur fái nokkurt val og að leitast sé við að þeir fái sjálfir að velja sér viðfangsefni.

Sjá mátti val um útfærslur á verkefnum í verklegum greinum og í einum bóklegum tíma gátu nemendur ráðið námsaðferð við skil (plakat, ritun, glærusýning o.s.frv.).

Námsgögn og notkun þeirra styður við nám og kennslu og aðbúnaður allur styður við fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur nýttu upplýsingatækni í aðeins tveimur stundum af 26 eða sem svarar í 8% kennslustunda. Nemendur í rýnihópi kvörtuðu yfir fremur lélegum tölvukosti.

Skólinn hefur stefnu í heimanámi sem foreldrar og nemendur í rýnihópum þekkja. Í yngri bekkjum fá nemendur vikuáætlun um nám sitt og geta því dreift því á daga. Í unglíngadeild er þessu ekki eins farið og aðeins heyrist í rýnihópum að betur mætti dreifa álagi við heimanámið.

Skipuleg foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem foreldrar, nemandi og umsjónarkennari ræða um nám og líðan. Undanfari þeirra viðtala er svokallað frammistöðumat í Mentor. Að mati foreldra þarf að skoða vel hvað á að gera þegar nemendur/foreldrar eru ekki sammála kennara um matið. Ekki er um að ræða reglubundin viðtöl milli nemenda og kennara að öðru leyti.

Styrkleikar

- Virk og skráð samskipti eru milli leikskóla og Síðuskóla.
- Námsmatsstefna er til staðar.
- Boðið er upp á valfög í sem nemur um 20% námstímans á unglíngastigi.
- Skólinn hefur stefnu í heimanámi sem hagsmunaaðilar þekkja.

Tækifæri til umbóta

- Skrá ætti ferli samskipta við framhaldsskóla.
- Huga að meira vali nemenda á öllum aldri um námsaðferðir og viðfangsefni.
- Hafa markvissari umræður um frammistöðumat þegar nemandi/foreldri og kennari eru ekki sammála.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræðipekking og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Nokkuð er um samþættingu verkefna og má þar nefna að myndmennt er gjarnan samþætt við samfélagsfræði og í Byrjendalæsi eru margar greinar samþættar. Þegar skoðaðar eru kennslustundir á vettvangi var fræðandi eða bein kennsla í rúmlega helmingi stundanna eða 54%. Leiðbeinandi eða lausnamiðuð kennsla (hugsmíðahyggja) var í þremur kennslustundum eða 12% og blanda af þessu tvennu í 34% stunda.

Kennarar telja kennsluhætti fjölbreytta og nefndu því til rökstuðnings Byrjendalæsi, Orð af orði, PALS, útikennslu og hringekju. Í vettvangsathugunum kom fram nokkur fjölbreytni, t.d. sköpun í verklegum greinum.

Í 23% kennslustunda var samvinna eða samstarf nemenda skipulagt allan tímann, í 65% stunda var um einstaklingsnám að ræða en í 12% stunda var hluti stundanna sjálfstæð vinna og síðan samvinna. Því má segja að samstarf þar sem samræður fara fram markvisst sást ekki í miklum mæli. Nemendur voru oft að fást við nokkuð krefjandi verkefni en miðað við fjölda kennslustunda þar sem allir voru að vinna að samskonar verkefni er vart hægt að álykta að allir séu að fást við verkefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Þess má þó geta að í rýnihópi nemenda kom fram að þeim finnst verkefnin yfirleitt krefjandi og mátulega þung.

Unnið er að umhverfismálum á ýmsan hátt. Skólinn tekur þátt í verkefninu Skólar á grænni grein og auk þess er náttúrufræðingur Síðuskóla útnefndur á hverju skólaári. Það er keppni milli nemenda í 3.-10. bekk í að þekkja jurtir, fugla og staði á Íslandi. Tveir til þrjár þemadagar, sem kallaðir eru vordagar, eru á hverju vori en þá eru viðfangsefnin öll tengd umhverfismennt. Einn dagur í september er helgaður umhverfismennt; Dagur íslenskrar náttúru.

Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er leiðbeinandi, regluleg og markviss og námsmat fjölbreytt og tengist markmiðum og tekur mið af kennsluháttum.

Kennarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda.

Styrkleikar

- Kennarar sýna góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræðiþekking þeirra nýtist í starfi.
- Kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur.
- Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er markviss.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að því að hafa enn fjölbreyttari kennsluhætti.
- Auka ætti markvisst samstarf og samræður milli nemenda.

Námshættir og námsvitund

Nemendur virðast yfirleitt áhugasamir um nám sitt og nemendur í rýnihópi þekktu sína styrkleika í námi. Nemendur nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar en eins og áður hefur komið fram, þ.e. í kaflanum Skipulag náms og námsumhverfi, og nemendur bentu á, þá er upplýsingatækni ekki mikið notuð. Nemendur gera sér hins vegar grein fyrir og geta nefnt ýmsar leiðir til að afla sér þekkingar.

Nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni. Nemendur á unglingsstigi geta valið um mismunandi valgreinar en að öllu jöfnu geta nemendur ekki valið námsaðferðir eða eigin námsstíl nema í litlum mæli. Sama gildir um áhugasvið nemenda, það er fyrst og fremst í valgreinum unglingsstigs sem námið tekur sérstaklega mið af því.

Námsáætlanir haustannar eru vel úr garði gerðar en þyrftu að vera tilbúnar fyrir nemendur og foreldra strax í byrjun skólaárs en á þessu skólaári voru þær settar á vefinn í seinni hluta október. Ekki eru til námsvísar/árganganámskrár þar sem hægt er að sjá ferli hvers fags frá 1.-10. bekk og bera saman viðfangsefni og námsaðferðir.

Í tveimur af 26 kennslustundum í vettvangsathugunum nýttu nemendur sér upplýsingatækni.

Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt.

- Nemendur þekkja styrkleika sína í námi.
- Með valgreinum á unglíngastigi er komið til móts við áhugasvið nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að nýta betur upplýsinga- og samskiptatækni í námi.
- Koma enn betur til móts við áhugasvið nemenda með fjölbreyttari námsaðferðum og námstíl, einkum í bóklegum tímum.
- Gera námsvísa/árganganámsskrár þannig úr garði að lesa megi úr þeim stigvaxandi ábyrgð nemenda eftir því sem þeir eldast.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur tjá sig um málefni er snerta þá. Það gera þeir á bekkjarfundum með umsjónarkennurum, í nemendaráði og skólaráði. Að sögn kennara og stjórnenda koma nemendur líka gjarnan beint til viðkomandi ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Auk þess eru nemendur fullgildir þátttakendur í umhverfisnefnd Grænfánans en þeir bjóða sig fram til nefndarsetu, halda framboðsræður og kosið er á milli frambjóðenda.

Nemendaráð skólans er skipað tíu nemendum úr 6.-10. bekk. Nemendafélagið vinnur fyrst og fremst að félagsmálum nemenda. Það er í virku samstarfi við félagsmiðstöðina Undirheima. Það er samfélags- og mannréttindadeild Akureyrar sem sér um rekstur félagsmiðstöðva við grunnskóla bæjarins.

Nemendur geta því með þátttöku í ráðum og nefndum haft áhrif á nám sitt, aðbúnað og aðstæður. Fulltrúar í nemendaráði og skólaráði eru lýðræðislega kosnir en þeir fá ekki sérstaka þjálfun í að starfa þar. Ekki er til skráð ferli um það hvernig upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Styrkleikar

- Nemendur tjá sig um málefni sem snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.
- Skólaráð starfar þannig að nemendur eru fullgildir þátttakendur.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði og nemendaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf skilvirkt verklag til að allir nemendur fái upplýsingar um umræður og ákvarðanir sem teknar eru í nefndum og ráðum þar sem nemendur sitja.
- Huga að því að nemendur fái sérstaka þjálfun fyrir setu í ráðum og nefndum.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á en er ekki eins ljóst hver markmið í námi eru hvað varðar námseiningar í heild sinni. Nemendum er ekki kennt markvisst að setja sér markmið í námi en þeir taka þátt í að setja sér námsmarkmið í einstökum greinum. Fram kom í rýnihópi að unglíngar setja sér markmið í íslensku og stærðfræði og fá sérstakt blað til að skrá markmiðin. Í vettvangsathugun sást að verið var að kenna nemendum í 2. bekk að setja sér markmið.

Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna ef nemendur eru með einstaklingsnámskrá. Almennt fylgjast foreldrar með námsframvindu barna sinna, bæði í gegnum Mentor og einnig í foreldraviðtölum.

Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati. Í frammistöðumati í Mentor taka nemendur þátt í að meta árangur sinn í námi. Til þess að undirbúa nemendur sem best fyrir framhaldið í skóla og atvinnu kynna nemendur sér ákveðinn starfsvettvang og kynna hann svo fyrir foreldrum og þeir gefa umsögn. Foreldrar eru líka stundum beðnir að vera með starfskynningar í skólanum.

Styrkleikar

- Nemendur þekkja markmið einstakra kennslustunda.
- Foreldrar fylgjast með námsframvindu barna sinna.
- Nemendur eru þjálfaðir í sjálfsmati.
- Nemendur fá sérstaka starfsfræðslu með ýmsu móti.

Tækifæri til umbóta

- Þjálfar nemendur markvisst í að setja sér markmið.
- Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild sinni.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans, óháð atgervi þeirra og stöðu. Þetta viðhorf er ríkjandi í Síðu-skóla.

Við Síðuskóla er sérstök deild fyrir einhverfa nemendur á Akureyri. Þeir eru skráðir í almenna bekki og stefna skólans er að þeir geti verið sem mest með samnemendum sínum í kennslustundum. Á vettvangi mátti sjá þá stefnu virka vel.

Kennarar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum. Þegar um einstaklingsnámskrá er að ræða eru foreldrar með í ráðum.

Námsframboð mætir fjölbreyttum þörfum og áhuga nemenda samkvæmt því sem sjá má í námsáætlunum haustannar en ekki er hægt að skoða heildarnámskrár fyrir skólaárið fyrir hvert fag fyrir sig.

Styrkleikar

- Skólabragurinn einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt.
- Foreldrar eru með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa.

Tækifæri til umbóta

- Setja ætti fram námsvísa/bekkjarnámskrár þar sem sýnt er að fjölbreyttum þörfum sé mætt.

Stuðningur við nám

Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda. Í skólanámskrá er birtur listi yfir kannanir og skimanir sem nýttar eru til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Ekki er þó skráð hvernig er brugðist við niðurstöðum skimana og mats. Sérkennsla og stuðningur við nám nemenda er í samræmi við greiningu á stöðu þeirra í námi.

Í sérdeild skólans eru starfsmenn með fjölþætta fagmenntun sem nýtist vel, m.a. kennarar með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum. Í námsleyfi verkefnisstjóra í sérkennslu í vetur hafa tveir kennarar umsjón með sérkennslu/stuðningi við nemendur utan sérdeildar og er annar þeirra með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum. Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám sem innihalda viðeigandi námsmarkmið fyrir nemendur. Sama gildir um alla nemendur í sérdeild einhverfra. Samstarf og samráð um sérstakan stuðning í námi er við nemendur, foreldra þeirra og stoðþjónustu.

Þeir nemendur sem eru tímabundið í sérkennslu í einstökum greinum fá ekki einstaklingsnámskrá og því er ekki fylgst eins náíð með framgangi þeirra.

Reynt er að hafa nám allra krefjandi, hvort sem um er að ræða nemendur sem þurfa sérstakan stuðning eða teljast bráðgerir. Það var þó skoðun þátttakenda í öllum rýnihópum að ekki væri hugað eins vel að þeim bráðgeru en á unglíngastigi geta nemendur þó tekið áfanga í framhaldsskólum þegar náms efni grunnskólans er lokið. Það er einkum í gegnum fjarnám hjá Verzlunarskóla Íslands. Einnig geta nemendur lokið grunnskólanámi á styttri tíma, eða níu árum.

Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.

Tækifæri til umbóta

- Skrá og birta hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.
- Huga að því að bráðgerir nemendur á öllum aldurstigum fái nám við hæfi.
- Setja upp ferli um skráningu og endurmat á námi nemenda sem eru tímabundið í sérkennslu/stuðningi.
- Leita leiða til að allir sem sinna sérkennslu hafi til þess sérhæfða menntun.

Svið III – Innra mat

Menntamálaráðuneytið hefur tvisvar gert úttekt á sjálfsmatsaðferðum Síðuskóla, fyrst 2002 og aftur 2009. Heildarniðurstöður úttektar ráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Síðuskóla árið 2002 voru:

„Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans fullnægjandi að hluta. Framkvæmd sjálfsmatsins telst fullnægjandi.“

Heildarniðurstöður úttektar ráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Síðuskóla árið 2009 voru:

„Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi. Framkvæmd sjálfsmats telst ófullnægjandi.“

Í greinargerð þáverandi skólastjóra um sjálfsmat Síðuskóla skólaárið 2010-2011 kemur fram að í framhaldi af úttekt ráðuneytisins árið 2009 hafi verið ráðist í nokkur verkefni til að bæta úr stöðu skólans varðandi sjálfsmat. Óskað var eftir ráðgjafa frá Háskólanum á Akureyri og tók Trausti Þorsteinsson að sér að vera ráðgjafi skólans. Gerð var áætlun um þrjú viðfangsefni sjálfsmats sem skyldu unnin skólaárin 2010-2011 og 2011-2012. Fyrir valinu varð sjálfsmat íþróttadeildar og viðhorf til íþróttakennslu hjá nemendum í 7.-10. bekk, sem lokið var við á haustönn 2010. Næst var leiðsagnarmat í Mentor (nú nefnt frammistöðumat) metið og átti því að ljúka í febrúar skólaárið 2011-2012. Loks átti að meta á vorönn skólaárið 2011-2012 hvernig foreldrum fyndist kerfi SMT – skólafærni virka.

Í fyrrnefndri greinargerð skólastjóra er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þessara þriggja viðfangsefna.

Í óbirtum drögum að skólanámskrá 2014 er fjallað um mat á skólastarfi, tilgang þess og markmið. Síðan er gerð grein fyrir hvernig Síðuskóli hyggst standa að innra mati og hver sé tilgangur gæðamats skólans. Leiðir í innra mati eru meðal annars árleg starfsþróunarsamtöl stjórnenda við alla starfsmenn og árleg starfsmannakönnun í mars. Einnig svara nemendur á hverju ári spurningum um innviði skólans og foreldrar taka árlega þátt í könnun í febrúar um þeirra upplifun af skólastarfinu. Niðurstöður kannana (Skólalámskrá) sem lagðar eru fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra eru bornar saman og notaðar til að bæta skólabraginn, hrósa starfsmönnum fyrir vel unnin störf og/eða brýna þá til góðra verka.

Könnun á líðan og tengslum er gerð tvisvar á skólaárinu fyrir hvern árgang. Líðan er einnig skoðuð í tengslum við frammistöðumat (áður nefnt leiðsagnarmat) tvisvar ári, í október og janúar.

Að lokum kemur fram að niðurstöður námsmats í skólanum séu nýttar í innra mati.

Fram kemur að innra mat skuli unnið af stjórnendum með aðstoð starfsfólks skólans, nemenda og foreldra og annarra þegar við á.

Ekkert er fjallað um birtingu niðurstaðna.

Í umfjöllun um ytra mat er vísað til opinberra eftirlitsaðila og stofnana, s.s. mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólanefndar í umboði sveitarfélags. Fram kemur að til ytra mats heyri niðurstöður samræmdra könnunarprófa, alþjóðleg próf á borð við PISA, læsispróf í 1. og 2. bekk og SMT-mat.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Innra matið nær til flestra þátta í skólastarfinu.

Í nýbirtri starfsáætlun kemur fram að starfandi sé sérstök sjálfsmatsnefnd undir handleiðslu skólastjóra og fram kemur að unnið er að því að uppfæra matsáætlun skólans.

Í matsáætlun sem unnin var fyrir skólaárið 2013-2014 voru skráðir efnisþættir, markmið, leiðir, mat og viðmið fyrir flesta þætti sem meta á samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Þar var ekki gerð grein fyrir mati á kennslu/kennsluháttum og starfsþróun. Ekki kom heldur fram hvernig ætti að meta skólaþróun þar sem gerð væri grein fyrir umbótaáðgerðum og þróunarstarfi. Í fyrrnefndri matsáætlun er hvorki nefnt hvenær ætti að meta né hver væri ábyrgðaraðili.

Ekki liggur fyrir langtímaáætlun til þriggja til fimm ára um innra mat.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Fram kemur hver ber ábyrgð á innra mati.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Meta þarf kennslu og fagmennsku allra kennara og nýjungar í kennsluháttum með reglubundnum hætti.
- Vinna ætti fullnægjandi matsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015 og langtímaáætlun til 3-5 ára.

Innra mat er markmiðsbundið

Gerð er grein fyrir hvernig markmið skólans, sem sett eru í skólanámskrá, eru metin. Markmið skólanámskrár eru metin en hvorki liggur fyrir hvenær skal meta hvern þátt né hver sé ábyrgur. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í greinargerð um innra mat er ekki fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Ekki liggur fyrir formleg umbótaáætlun.

Styrkleikar

- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.
- Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Tækifæri til umbóta

- Lýsa ætti í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti viðmið um árangur hafa náðst.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem er lagt upp með. Í óbirtum drögum að skólanámskrá kemur fram að í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna og er þeirra aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.

Tækifæri til umbóta

- Skrá ferli og skipulag varðandi notkun niðurstaðna úr ytra mati í innra mati.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Í nýbirtri starfsáætlun kemur fram að starfandi sé sérstök sjálfsmatsnefnd undir handleiðslu skólustjóra um innra mat. Ekki kemur fram hvernig sjálfsmatsnefnd er skipuð eða hverjir sitji í henni. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Í rýnihópi kom fram að skólaráð fær kynningu á könnunum áður en þær eru lagðar fyrir. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar á fundum kennara og starfsmanna og í skólaráði.

Í rýnihópi kom fram að þegar niðurstöður kannana liggja fyrir ræða kennarar og starfsmenn um þróun og umbætur. Einnig kom fram að einn kennari starfar með stjórn foreldrafélags og hann getur miðlað upplýsingum til þess hóps.

Í rýnihópi kom fram að áætlanir um umbætur eru ekki bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir ræða hagsmunaaðilar, kennarar starfsmenn og skólaráð um þróun og umbætur.

Tækifæri til umbóta

- Virkja alla hagsmunaaðila í matsteymi með þátttöku skólustjóra.
- Skipuleggja ferli við ákvörðun á áherslum og forgangsröðun í innra mati þannig að allir hagsmunaaðilar komi að verkefninu.

Umbótastarf í kjölfar innra mats***Innra mat er opinbert***

Niðurstöður innra mats eru kynntar á fundum með kennurum, starfsmönnum og í skólaráði. Ódagsett greinargerð um innra mat Síðuskóla er ekki á heimasíðu og er því ekki aðgengileg öllum hagsmunaaðilum.

Ekki liggur fyrir umbótaáætlun.

Styrkleikar

- Niðurstöður úr innra mati eru kynntar kennurum, starfsmönnum og skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Birta ætti greinargerð um innra mat á heimasíðu skólans.
- Kynna ætti niðurstöður kannana öllum hagsmunaaðilum og birta opinberlega.
- Innra mat er umbótamiðað

Í rýnihópum kom fram að niðurstöður úr innra mati eru ræddar á fundum og í skólaráði. Á þessum fundum koma líka fram tillögur til umbóta en ekki liggur fyrir ferli þar sem þessar tillögur eru settar fram í tímasettri umbótaáætlun, henni fylgt kerfisbundið eftir og umbætur síðan metnar með formlegum hætti.

Formleg umbótaáætlun með atriðum til umbóta, leiðum sem á að fara, markmiðum, viðmiðum, ábyrgðaraðilum og hvenær á að meta áhrif umbótanna er ekki til staðar.

Í nokkrum rýnihópum voru nefnd dæmi um umbætur í kjölfar umræðna um niðurstöður innra mats.

Styrkleikar

- Hagsmunaaðilar nefndu dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Vinna umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Birta skýrt fram setta umbótaáætlun á heimasíðu.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.

Svið IV – Skólabragur

Fjórði þátturinn sem metinn er í Síðuskóla er skólabragur. Sá þáttur var valinn af sveitarstjórn og skóla. Við mat á skólabrag er hugað að því hvernig skólasamfélagið í heild stuðlar að jákvæðum skólabrag, hvernig starfsandi birtist, hvaða áætlanir og stefnur skólinn hefur sett fram og hvernig þeim er framfylgt og loks er skoðað á hvern hátt nemendur eru virkir í skólastarfi.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, kafli 7.6, segir: Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir: Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemanda og öryggi að leiðarljósi.

Það er fyrst og fremst á grunni þessara atriða sem viðmið voru gerð um það sem kalla mætti góðan skólabrag. Einnig var skoðað hvað segir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um jákvæðan skólabrag því þar er kveðið á um skyldur fullorðinna varðandi það að börn geti myndað eigin skoðanir og hafi rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem tryggir gagnkvæma virðingu innan skóla.

Unnar voru vísbendingar um skólabrag út frá þessum þáttum. Þeim var skipt í fjóra kafla: ábyrgð samfélagsins, starfsandi og skólareglur, áætlanir og kannanir og nemendalýðræði.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt þessa mats hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið.

Ábyrgð skólasamfélagsins

Skólabragur í Síðuskóla er jákvæður og starfsandi góður í skólanum, að sögn allra rýnihópa. Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk stuðlar með störfum sínum að jákvæðum skólabrag og starfsanda með velferð nemenda að leiðarljósi. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir eru jávæðir gagnvart námi sínu og skólanum og undir það tóku fulltrúar í öðrum rýnihópum. Virk hlustun og lýðræðisleg samræða á sér stað meðal nemenda og starfsmanna.

Síðuskóli hefur í 6 ár unnið eftir hugmyndafræði SMT-skólafærni sem er útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS. Skólinn hlaut sjálfstæði sem SMT skóli vorið 2013. Í stefnunni er lögð áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda. Það er gert með því að kenna félagsfærni, umbuna nemendum fyrir æskilega hegðun og koma á samræmi í viðbrögðum starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Foreldrar telja skólabrag jákvæðan en þeim var ekki kunnug ábyrgð sína skv. reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Foreldrafélagið er virkt og styður á ýmsan hátt við skólann, t.d. gaf það sérdeild skólans 10 spjaldtölvur.

Fyrirtæki og stofnanir á Akureyri hafa lagt hönd á plóg varðandi ýmsar gjafir sem foreldrafélagið hefur safnað fyrir meðal þeirra. Í rýnihópum kom fram að jákvæðni ríkir gagnvart skólanum í nærsamfélagi hans.

Styrkleikar

- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Skólastjórnendur og aðrir starfsmenn leggja sig fram um að viðhalda góðum starfsanda.
- Nærsamfélag skólans er mjög jákvætt í garð skólans.

Tækifæri til umbóta

- Hugsa þarf að því að kynna foreldrum reglugerð nr. 1040/2011 þar sem m.a. er fjallað um ábyrgð þeirra varðandi jákvæðan skólabrag.

Starfsandi og skólareglur

Nemendur og starfsfólk sýna virðingu í öllum samskiptum og þeim eru ljósar skólareglur og hvernig brugðist er við brotum á þeim. Umsjónarkennarar gera, í samvinnu við nemendur, reglur um umgengi og góðan vinnuanda í bekkjardeildum en skólareglurnar sem slíkar voru ekki unnar með nemendum. Þær voru settar við innleiðingu SMT árið 2006 og hafa því ekki verið endurskoðaðar m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Einkunnarorðin ábyrgð, virðing, vinátta eru mjög áberandi í starfi skólans og þeim haldið á lofti. Í stefnu skólans er einn áherslupunktur sérstaklega um að efla sjálfsmynd, félagsþroska, þrautseigju og sjálfstæði allra í skólanum og leiðir til þess. Það er m.a. gert með því að námsráðgjafi fær nemendur í litlum hópum og heldur námskeið í sjálfsstyrkingu.

Með ýmsu móti er leitast við að ævinlega sé vinnufriður í kennslustundum og í vettvangsathugunum var mest áberandi að notað var sérstakt „klapp“ til að fá þögn. Það var tekið upp í tengslum við innleiðingu á SMT. Í vettvangsathuguninni voru nemendur eitt sinn allir á sal og þar kom vel í ljós að öllum er kunn þessi aðferð og henni fylgt. Þá eru einnig nýttir svokallaðir hrósmiðar sem nemendur í rýnihópi yngri nemenda lýstu sig mjög ánægðar með. Einnig eru svokallaðir „stoppmiðar“ ef hegðun er ekki sem skyldi. Það kom fram í rýnihópi foreldra að þeir fá á Mentor allar upplýsingar um þegar nemendur fá stoppmiða en að þeirra mati ekki eins miklar upplýsingar um hrósmiðana. Í vettvangsathugunum kom fram að haldið er uppi námsaga sem samrýmist reisu barna þar sem tekið er tillit til mannréttinda barna og þarfa með áherslu á jafnrétti og lýðræði.

Styrkleikar

- Góður starfsandi er í skólanum.
- Samskipti í skólanum einkennast af virðingu.
- Skólareglur eru öllum ljósar og bekkjarreglur unnar fyrir hvern hóp.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða ætti skólareglur m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum .
- Huga að því við endurskoðun skólareglna að þær séu unnar í samvinnu við nemendur og foreldra.

Áætlanir og kannanir

Í skólanum er til stefna um skólabrag sem reglulega er minnt á og unnið eftir. Það er bæði sú stefna sem felst í einkunnarorðum skólans, ábyrgð, virðing, vinátta, og stefnu skólans sem tíunduð er í skólanámskrá. Þar er sagt nánar frá merkingu einkunnarorðanna, helstu markmiðum skólastarfsins og leiðum til að ná þeim.

Í skólanum liggur fyrir eineltisáætlun þar sem segir m.a.: „Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Síðuskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af ábyrgð, virðingu og vináttu.“ Í könnunum Skólapúlsins veturinn 2013-2014 kom fram aukning á einelti í 6.-10. bekk og er hún marktækt meiri en landsmeðaltal.

Akureyrarbær hefur mótað sér stefnu varðandi tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun og vinnur Síðuskóli samkvæmt því. Ekki er þó krækja á stefnunna á heimasíðu skólans.

Öryggisnefnd starfar í skólanum og til er áætlun um vinnuvernd og aðbúnað skv. reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Jafnréttisáætlun er til sem nær til bæði nemenda og starfsmanna. Ekki er til heildstæð forvarnaráætlun sem tekur á vörnum vegna áfengis og tóbaks eða annarra fíkniefna, kynferðisofbeldis, netfíknar o.fl. Forvarnarþríhyrningur Síðuskóla er hluti af SMT aðferðinni en þar er hegðun nemenda metin á ákveðinn hátt og er kerfisbundið gripið til aðgerða ef þurfa þykir.

Reglulega eru lagðar fyrir kannanir í Skólapúlsinum um líðan og samskipti nemenda annars vegar og nemenda og kennara hins vegar. Niðurstöður eru kynntar fyrir starfsmönnum og brugðist við með umbótum þegar við á.

Tengslakannanir eru lagðar fyrir alla bekki í október. Kennarar sjá um fyrirlögn en lausnateymi SMT sér um úrvinnslu og lætur kennara fá niðurstöður. Ákveðin viðbrögð, t.d. spjall við námsráðgjafa, eru sett í gang ef einhverjum líður illa eða ef einhver getur ekki bent á sérstakan vin eða æskilegan félag.

Styrkleikar

- Í skólanum liggur fyrir eineltisáætlun.
- Stefna um skólabrag er til staðar.
- Jafnréttisáætlun er til staðar.
- Reglulega eru lagðar fyrir kannanir um líðan og samskipti nemenda og kennara.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti heildstæða forvarnaáætlun sem nær til allra þátta forvarna og birta á heimsíðu.

Nemendalýðræði

Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í nemendaráði. Nemendaráð er skipað nemendum í 6.-10. bekk. „Hugmyndakassi“ nemendaráðs er fyrir alla nemendur í skólanum sem geta komið þar með hugmyndir sínar og þannig komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Nemendaráð hefur sett sér markmið og verklagsreglur.

Einnig halda flestir umsjónarkennarar reglulega bekkjarfundi. Síðuskóli er í verkefninu Skólar á grænni grein og því er umhverfisnefnd starfandi þar sem nemendur eru þátttakendur. Þá eiga nemendur fulltrúa í skólaráði sem eru fullgildir þátttakendur þar. Félagsfærni nemenda er eflað, t.d. með reglulegum stundum á sal fyrir yngstastig og miðstig þar sem nemendur tjá sig á ýmsan máta, t.d. með dansi, tónlist, ljóðalestri, leiklist og fleiru.

Styrkleikar

- Nemendur hafa tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Nemendur eru fullgildir þátttakendur í skólaráði.
- Nemendaráð er starfandi fyrir 6.-10. bekk.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Í stórum dráttum má segja að í Síðuskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst meðal annars í því að skólasamfélagið er mjög meðvitað um einkunnarorð skólans og gildi þeirra sem eru leiðarljós fyrir starfið í skólanum.

Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar Síðuskóla í stjórnun felast meðal annars í því að stefna skólans er skýrt fram sett og starfsmenn, nemendur og foreldrar þekkja hana og einkunnarorð skólans. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans og einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Samstarfi Síðuskóla við leikskóla hverfisins eru gerð góð skil. Í starfsþróunaráætlun er boðið upp á fræðslu innan skólans með áherslu á að efla kennara í starfi. Stundatöflur eru skipulagðar þannig að auðvelt er að koma á samvinnu milli nemenda og kennara. Valgreinar nemenda í 8.-10. bekk eru fjölbreyttar. Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag og er leiðum til að viðhalda honum fylgt eftir. Unnið er eftir verklagsreglum um einelti. Skólaráð fundar reglulega og tryggt er að fulltrúar foreldra eigi bakland í foreldrafélaginu.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Formgera ætti markvissa endurgjöf til kennara.
- Gera upplýsingar er varða starfsmannamál aðgengilegar.
- Skrá reglur um upplýsingagjöf um nemendur í samræmi við reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.
- Gera grein fyrir samstarfi við framhaldsskóla, tónlistarskóla og grenndarsamfélagið.
- Tengja starfsþróunaráætlun heildstæðri þróunar- og umbótaáætlun fyrir skólann.
- Birta starfsáætlun strax í upphafi skólaárs.
- Vinna áætlun um sérkennslu/stuðning vegna nemenda með sérþarfir í námi.
- Uppfæra heimasíðu skólans þannig að hún innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.

Styrkleikar í námi og kennslu

Styrkleikar Síðuskóla í námi og kennslu felast meðal annars í því að fagmennska og sérfræðiþekking endurspeglast í störfum kennara og skipulagi. Reynt er að koma til móts við þroska hvers og eins í anda stefnu um skóla án aðgreiningar. Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám og foreldrar eru með í ráðum við gerð þeirra. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og staða nemenda metin á margvíslegan hátt, m.a þjálfast nemendur í sjálfsmati. Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Setja upp skólanámskrá með öllum atriðum sem gerð er krafa um í aðalnámskrá.
- Setja fram námsvísa/árganganámskrár fyrir alla árganga þar sem koma fram kennsluáðferðir, námsefni, námsmat, hvernig grunnþættir menntunar koma fram í námi o.fl.

- Huga að meira vali nemenda á öllum aldri varðandi námsaðferðir og viðfangsefni.
- Auka markvisst samstarf og samræður milli nemenda.
- Leita leiða til að nýta betur upplýsinga- og samskiptatækni í námi.
- Skapa skilvirkt ferli til að allir nemendur fái upplýsingar um umræður og ákvarðanir sem teknar eru í nefndum og ráðum þar sem nemendur sitja.
- Þjálfarar nemendur markvisst í að setja sér markmið.
- Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild sinni.
- Skrá og birta hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.

Styrkleikar í innra mati

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf og hver ber ábyrgð á innra mati. Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir sem hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

Niðurstöður úr innra mati eru kynntar kennurum, starfsmönnum og skólaráði. Hagsmunaaðilar nefndu dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Meta kennslu og fagmennsku allra kennara og nýjungar í kennsluháttum með reglubundnum hætti.
- Lýsa í greinargerð um innra mat að hve miklu leyti viðmið um árangur hafa náðst.
- Móta ferli og skipulag varðandi notkun niðurstaðna ytra mats í innra mati.
- Tryggja að allir hagsmunaaðilar séu með í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Kynna öllum hagsmunaaðilum greinargerð um innra mat og niðurstöður kannana og birta opinberlega.
- Birta umbótaáætlun og fylgja umbótum kerfisbundið eftir.

Styrkleikar í skólabrag

Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Góður starfsandi er í skólanum og nærsamfélagið er mjög jákvætt í garð skólans. Skólareglur eru öllum ljósar og stefna um skólabrag er til staðar. Reglulega eru lagðar fyrir kannanir um líðan og samskipti nemenda og starfsmanna. Nemendur hafa á ýmsan hátt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri, bæði með setum í ráðum og nefndum og einnig á bekkjarfundum.

Tækifæri til umbóta

- Gera heildstæða forvarnaáætlun sem nær til allra þátta forvarna og birta á heimsíðu.
- Endurskoða skólareglur m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011 og kynna reglugerðina fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Huga að því við endurskoðun skólareglna að þær séu unnar í samvinnu við nemendur og foreldra.

Frekari greining fyrir Síðuskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fullilega lýsingu um gæðastarf.


Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbóta- starf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólasterfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólasterfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Greining kennslustunda

Kennslustundamat

Mynd 4 Yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda sem metnar voru.




Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í tveimur kennslustundum af 26 sem matsmenn heimsóttu. Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í sex af þessum stundum.

Kennsluathafnir


Mynd 5 Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.



Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru- tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun. Sjá nánar í skýringarkafli um kennsluhætti.

Samvinna og einstaklingsvinna


Mynd 6 Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara

Mynd 7 Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matspáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta - Óviðunandi		

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðandi


Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsferlið lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Akureyrarbær. Heimasíða. Slóðin er: www.akureyri.is

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjal fsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/5211>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5211>

Síðuskóli. Heimasíða. Slóðin er: www.siduskoli.is

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

